

## Leiðbeiningar um sölustaði skotelda

Eftirfarandi viðmiðunarreglur eru settar samkvæmt lögum nr. 75/2000 um brunavarnir og að teknu tilliti til laga nr. 16/1998 um skotvopn, sprengihættu og skotelda. Reglurnar eru byggðar á ákvæðum byggingarreglugerðar nr. 441/1998 með síðari breytingum og er ætlað að auðvelda slökkviliðsstjórum umsögn um fyrirhugaða sölustaði samkvæmt 25. gr. reglugerðar nr. 952/2003 um skotelda.

### 1. Leyfi.

- 1.1 Lögreglustjóri veitir leyfi til sölu skotelda í smásölu að fenginni skriflegri umsögn slökkviliðsstjóra varðandi húsnæði og öryggisbúnað við geymslu og sölu þeirra.
- 1.2 Í umsókn um leyfi til sölu skotelda skulu koma fram upplýsingar um ábyrgðaraðila, fyrirhugaðan sölustað, staðsetningu birgðageymslu, hámarks magn skotelda í birgðageymslu flokkað eftir tegundum, form flutninga milli birgðageymslu og sölustaðar og hvar hugsanlegur afgangur skotelda verður geymdur milli sölutímabils. Í lok sölutímabils skal ábyrgðaraðilinn tilkynna lögreglustjóra og slökkviliðsstjóra um magn og gerðir skotelda í geymslunni.
- 1.3 Athuga skal hvort starfsemin kunni að þurfa leyfi frá fleiri aðilum eins og t.d. Byggingarfulltrúa, Vinnueftirliti eða Heilbrigðiseftirliti.

### 2. Sölustaðir og geymsla skotelda við þá.

Um sölustaði skotelda aðra en í flokki 1<sup>1</sup> gilda eftirfarandi reglur:

- 2.1 Sala skotelda má einungis fara fram á sérstökum sölustöðum sem slökkviliðsstjóri hefur samþykkt. Reglurnar gilda einnig um geymslu skotelda við sölustaði eftir því sem við á.
- 2.2 Skoteldar skulu afgreiddir yfir borð og er sjálfsafgreiðsla óheimil.
- 2.3 Á sölustað skal staðfesting á úttekt slökkviliðsstjóra vera sett upp á áberandi stað.
- 2.4 Sölustaður skotelda skal vera á jarðhæð byggingar.
- 2.5 Sérstaka athugun skal gera varðandi fjarlægð sölustaðar frá bensínstöðvum, olíubirgðastöðvum og annarri starfsemi þar sem um sérstaka eldhættu er að ræða.
- 2.6 Sé sölustaður skotelda hluti af stærri byggingu skal hann vera sérstakt brunahólf með EI 60 veggjum og klæðningum í flokki 1. Hurðir frá sölustað að öðrum hluta byggingar skulu vera EI<sub>2</sub> 60 - CS<sub>m</sub>. Sölustaður skal liggja að útvegg með hurð og gluggum á a.m.k. einni hlið. Stærð brunahólfs skal vera af eðlilegri stærð miðað við umfang sölunnar og þar skal ekkert vera sem ekki tilheyrir sölustarfseminni.

<sup>1</sup> Skoteldar sem skapa litla hættu og eru án aldurstakmarkana notenda skv. skilgreininu í reglugerð 952/2003

- 2.7 Heimilt er að leyfa sölu úr stakstæðum timburskúrum eða stálgámum, sé stærð þeirra ekki meiri en 30 fermetrar og þar séu að jafnaði óverulegar birgðir skotelda. Þeir mega ekki vera nær byggingu en 15 metra. Við staðsetningu þeirra skal þess gætt að þeir hindri ekki rýmingarleiðir og aðkomu slökkviliðs.
- 2.8 Sé birgðageymsla skotelda tengd sölustað skal hún vera aðskilin frá honum með EI 60 vegg og allar klæðningar skulu vera í flokki 1. Hurðir í slíkum vegg skulu vera EI<sub>2</sub> 60 - CS<sub>m</sub>. Ekki er heimilt að halda hurðunum opnum t.d. með segulgripum eða á annan hátt.
- 2.9 Sölustaðir skotelda skulu hafa minnst tvennar dyr sem liggja beint út undir bert loft. Hurðir skulu opnast út, vera með pumpum og opnast án þess að snúa þurfi hurðahúnum, þ.e. að nóg sé að ýta á þær innan frá eða toga í handfang utan frá. Ekki mega vera lengra en 10 metrar að útgangi út undir bert loft frá nokkrum stað í sölurými eða birgðageymslu skotelda. Fyrir framan útgang skal vera sléttur flötur sem nái a.m.k. 1,5m frá útgangi.
- 2.10 Ekki er heimilt að vera með laustengd ljós ("hunda") á sölustöðum og birgðageymslum skotelda. Um raflagnir vísast að öðru leyti til úttektar slökkviliðsstjóra.
- 2.11 Öll meðferð með opinn eld og reykingar eru bannaðar á sölustöðum og birgðageymslum skotelda og skulu varnaðarskilti þar um vera áberandi bæði innan sem utan dyra.
- 2.12 Ganga skal frá stórum skoteldum á sölustað þannig að þykkt plast sé fyrir framan hillur og magni stillt í hóf.
- 2.13 Á sölustöðum og birgðageymslum skotelda skulu vera handslökkvitæki og annar slökkvibúnaður, sem slökkviliðsstjóri mælir fyrir um.
- 2.14 Öll sala skotelda er óheimil utan þeirra sölustaða sem slökkviliðsstjóri hefur skoðað og lögreglustjóri samþykkt.
- 2.15 Sölustaðir og birgðageymslur skotelda skulu tengdir vaktstöð, vaktaðir allan sólarhringinn eða öryggi tryggt með öðrum fullnægjandi hætti að mati slökkviliðsstjóra og lögreglustjóra.
- 2.16 Lögreglustjóri getur hafnað umsókn um sölustað ef staðsetning skapar hættu fyrir umferð eða af öðrum sérstökum aðstæðum.